



Reykjavík, 9. apríl 2024  
SFS24030113

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### Efni: Tímabundin lokun Grandaborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. apríl 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. mars 2024, um að Grandaborg verði lokað tímabundið:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að loka leikskólanum Grandaborg tímabundið frá 1. september 2024 til 1. september 2025 eða þangað til að húsnæði leikskólans við Boðagranda 9 er fullklárað. Í dag eru 16 börn í Grandaborg og er lagt til að þau fái forgang í leikskólann Hagaborg, eða aðra leikskóla, áður en úthlutun leikskóla fyrir næsta haust hefst þann 2. apríl 2024.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:  
Minnisblað ásamt greinargerð, dags.27.mars 2024



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundna lokun Grandaborgar***

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að loka leikskólanum Grandaborg tímabundið frá 1. september 2024 til 1. september 2025 eða þangað til að húsnæði leikskólans við Boðagranda 9 er fullklárað. Í dag eru 16 börn í Grandaborg og er lagt til að þau fái forgang í leikskólann Hagaborg, eða aðra leikskóla, áður en úthlutun leikskóla fyrir næsta haust hefst þann 2. apríl 2024.

#### **Greinargerð:**

Grandaborg er fjögurra deilda leikskóli við Boðagranda 9 í Reykjavík og með rekstrarleyfi fyrir 75 börn. Frá árinu 2022 hefur leikskólinn verið í framkvæmdum vegna rakaskemmda og myglu. Til að byrja með flutti leikskólinn á þrjá staði, í Kringluna 1, Ævintýraborg við Eggertsgötu og Ævintýraborg við Nauthólsveg. Seinna flutti leikskólinn í ný hús á lóðum Gullborgar og Hagaborgar.

Elstu börn Grandaborgar fengu flutning yfir í Gullborg fyrir skólaárið 2023 -2024 og starfsfólk elstu deildar Grandaborgar varð tímabundið starfsfólk Gullborgar. Fyrirkomulagið verður framlengt út skólaárið 2024 – 2025.

Þann 27. nóvember 2023 var samþykkt í skóla- og frístundaráði að starfsemi Grandaborgar yrði flutt í húsnæði á lóð Hagaborgar til 1. mars 2025 þegar að framkvæmdum átti að ljúka í Grandaborg. Nú liggur fyrir að framkvæmdartíminn mun lengjast og er áætlað að þeim ljúki um haustið 2025.

Staðan í dag er sú að 16 börn eru skráð í leikskólann sem er staðsettur í húsnæði á lóð Hagaborgar og hefur börnum farið fækkandi í leikskólanum. Rekstrarlegar forsendur fyrir leikskólann eru því takmarkaðar þar sem í leikskólanum er starfandi leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra og almennu starfsfólki.

Lagt er til að foreldrum barna í Grandaborg verði boðinn tímabundinn flutningur yfir í Hagaborg, eða aðra leikskóla, áður en úthlutunardagur leikskólanna fyrir næst haust hefst þann 2. apríl 2024.

Með þessari aðgerð getur Hagaborg verið með 123 börn í leikskólanum en í dag eru þar 100 börn. Þannig verður nýting á plássum í Hagaborg betri en í dag.

Heildarfjöldi starfsfólks í Grandaborg eru 20 en hluti af hópnum er í Gullborg og hluti í leyfi frá störfum. Fjöldi starfsfólks sem starfar í húsnæði Hagaborgar eru 11 í tæplega 10 stöðugildum. Þeim verður boðið önnur sambærileg störf í Hagaborg, eða í öðrum leikskólum Reykjavíkur en



verða á sama tíma í launalausum leyfi frá Grandaborg. Um er að ræða tímabilið frá 1. september 2024 til 1. september 2025 eða þangað til að húsnæði leikskólans við Boðagrandu 9 er fullklárað.

Lagt er til að leikskólinn Grandaborg loki tímabundið á sama tímabili.

Stjórnendur, starfsfólk leikskólans og foreldrar voru upplýstir um þessa ráðgerðu tillögu að breytingu á fundi 19. mars sl. Foreldraráð leikskólans hefur verið upplýst og gefið umsögn.

Börn sem eru með vistun í Grandaborg fá forgang á flutning yfir í Hagaborg eða aðra leikskóla sem foreldrar óska eftir til að tryggja þeim vistun fyrir haustið.

Nú þegar eru hafin samtöl við hvern og einn starfsmann um tímabundin önnur störf þangað til framkvæmdum í Grandaborg lýkur.

Þessi aðgerð mun ekki fækka plássum í leikskólum Reykjavíkur heldur færa pláss á milli Grandaborgar og Hagaborgar.

#### **Fjárhagsleg áhrif:**

Fjárhagsleg áhrif af þessari aðgerð eru fyrst og fremst betri nýting á leikskólaplássum og betri nýting á fjármunum Reykjavíkurborgar að því leyti að mjög óhagkvæmt er að reka leikskóla með 16 börnum. Með því að loka Grandaborg tímabundið og bjóða foreldrum barna og starfsfólki Grandaborgar flutning yfir í aðra leikskóla er verið að skapa hagkvæmari rekstrareiningar í leikskólum Reykjavíkur.

#### **Umsögn foreldraráðs:**

Sökum aðstæðna er ekki starfandi foreldraráð í Grandaborg þetta skólaárið. Óskað var eftir umsögnum frá fjórum foreldrum. Þrjú foreldrar studdu tillöguna og höfðu engar athugasemdir. Eitt foreldri óskaði eftir frekari útskýringum og átti samtál við leikskólastjóra og fagstjóra um málið.